

Fimmtudaginn 5. nóvember 1998.

Nr. 48/1998.

**Íslenska álfélagið hf.**

(Jakob R. Möller hrl.,  
Kristinn Bjarnason hdl.)  
gegn

**Eiríki Páli Einarssyni**

(Jón Halldórsson hrl.) og

**Eiríkur Páll Einarsson**

gegn

**Íslenska álfélaginu hf. og**

**Vátryggingafélagi Íslands hf. til réttargæslu**

Skaðabótamál. Vinnuslys. Örorka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 21. janúar 1998. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður á báðum dómstigum falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 27. febrúar 1998. Hann krefst þess, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, en þær eru, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 8.576.100 krónur ásamt vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. apríl 1992 til 14. september 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 13. október 1997, að fjárhæð 494.759 krónur. Þá krefst hann staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér aðra og lægri fjárhæð með vöxtum og málskostnaði í samræmi við framangreindar kröfur.

Réttargæslustefndi hefur ekki látið málið til sín taka.

## I.

Í héraðsdómi er lýst atvikum að því, er gagnáfrýjandi slasaðist við vinnu sína hjá aðaláfrýjanda 28. apríl 1992. Gagnáfrýjandi þurfti að standa uppi á rafmagnskassa, sem var 21 cm á breidd og 60 cm á lengd, og var fjarlægð frá gólfi að efri brún kassans 2 metrar og 20 cm. Varð gagnáfrýjandi að standa hokinn á kassanum við að stýra 19 kílóa teini í gat, sem hitta þurfti nákvæmlega í.

Í slysaskýrslu til öryggisfulltrúa aðaláfrýjanda, sem undirrituð var bæði af meistara og deildarstjóra hjá aðaláfrýjanda, kom fram, að teinninn hefði verið óþjáll og þurft hefði að hnika honum til og frá með handaflí til þess að fá hann til að falla í gatið. Var tekið fram, að ekki hefði verið handfang á teininum, og á teikningu, sem fylgdi skýrslunni, var ekki sýnt handfang. Vitnum ber ekki saman um, hvort handfang hafi verið á teininum, en sumir starfsmenn telja, að hnúður hafi verið á enda teinsins. Menn voru sammála um, að erfitt hefði verið að ná taki á teininum og yfirleitt orðið að nota báðar hendur og grípa undir hausinn til þess að stýra honum. Samkvæmt teikningu af teininum frá framleiðanda hans átti að vera 10 cm rör upp úr haus teinsins. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 1. maí 1992 og var ekki rannsakað af þess hálfu. Verður við það að miða, að ekkert eiginlegt handfang hafi verið á teininum.

Stuttu eftir slysið voru gerðar breytingar á teininum, svo að auðveldara væri að vinna með hann, og er viðurkennt af aðaláfrýjanda, að þær breytingar hafi staðið í tengslum við slysið.

Upplýst er í málinu, að gagnáfrýjandi naut ekki leiðbeininga um, hvernig standa skyldi að verki, en þetta var í fyrsta skipti, sem hann vann þetta verk. Verkið var einfalt, og er ósannað, að gagnáfrýjandi hafi farið öðruvísi að en til var ætlast eða sýnt af sér ógætni. Verður honum því ekki um slysið kennt.

Samkvæmt framansögðu er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að slysið verði rakið til óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu og vanbúnaðar teinsins, þar sem gagnáfrýjandi þurfti að halda jafnvægi á mjóum fleti hátt frá gólfi jafnframt því að vinna starf sitt í þvingaðri líkamstöðu. Ber aðaláfrýjandi því bótaábyrgð á afleiðingum slyssins.

## II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, mat Atli Þór Ólason, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 17%, og er ekki ágreiningur um það örorkumat. Er kröfugerð gagnáfrýjanda byggð á líkindaútreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings 27. júní 1996. Telur tryggingafræðingurinn tjón vegna varanlegrar örorku nema 6.203.900 krónum, og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda áætlað hann 372.200 krónur. Krefst gagnáfrýjandi þessara fjárhæða að frádreginni greiðslu úr slysa-tryggingu launþega, sem réttargæslustefndi greiddi honum 13. október 1997, 494.759 krónur, en að viðbættum miskabótum, að fjárhæð 2.000.000 krónur. Fallið hefur verið frá kröfu um bætur fyrir tíma- bundna örorku.

Við ákvörðun bóta verður höfð hliðsjón af framangreindum útreikningi. Þegar litið er til skattfrelsis bóta og hagræðis af ein- greiðslu, þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðnar 4.653.000 krónur. Ekki er ágreiningur um verðmæti tapaðra lífeyris- réttinda. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Sam- tals ber því aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 5.425.200 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, en greiðsla úr slysa-tryg- gingu launþega dregst frá. Dráttarvextir verða dæmdir frá 17. nóvem- ber 1996, er mánuður var liðinn, frá því að gagnáfrýjandi sendi aðal- áfrýjanda kröfubréf.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Íslenska álfélagið hf., greiði gagnáfrýjanda, Eiríki Páli Einarssyni, 5.425.200 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 1,1% frá 28. apríl 1992 til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama

ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995, 0,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1996, 0,9% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 0,9% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 0,7% frá þeim degi til 1. október sama ár, 0,8% frá þeim degi til 17. nóvember 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Frá dragast 494.759 krónur, sem greiddar voru 13. október 1997.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 700.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1997.**

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 29. maí 1997, og dómtekið 15. þ. m., en endurupptekið og dómtekið að nýju 23. þ. m.

Stefnandi er Eiríkur Páll Einarsson, kt. 100650-8199, Arnarhrauni 28, Hafnarfirði.

Stefndi er Íslenska álfélagið hf., kt. 680466-0179, Straumsvík, Hafnarfirði.

Réttargæslustefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða sér 8.576.100 kr. auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 28. 4. 1992 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, allt að frádreginni innborgun, 494.759 kr., 13. 10. 1997. Til vara er krafist 8.576.100 kr. ásamt vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 28. 4. 1992 til 17. 10. 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun, 494.759 kr., 13. 10. 1997. Til þrautavara er krafist 8.576.100 kr. ásamt vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 28. 4. 1992 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun, 494.759 kr., 13. 10. 1997. Til þrautaþrautavara er krafist lægri fjárhæðar að mati dómsins og að tekið verði tillit til innborgunar, 494.759 kr., 13. 10. 1997. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr

hendi hans, en til vara, að sök verði skipt og kröfur stefnanda stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður.

2. 28. apríl 1992 klukkan um 20 varð stefnandi fyrir því slysi, er hann vann sem verkamaður í steypuskála álversins í Straumsvík, að vísifingur vinstri handar hans klemmdist af um 19 kg þungu járnstykki. Stefnandi hefur starfað hjá stefnda í álverinu óslitið frá 1981 og alltaf í steypuskála. Hefur verkefni hans aðallega verið steypuvinna, þ. e. að setja ál í mót. Atvikum að slysinu og aðstæðum er lýst á eftirfarandi hátt í stefnu:

Svo háttar til, þar sem stefnandi var í steypuvinnu, að álið berst frá ofni í gegnum síuhús og þaðan í steypurennu, sem skilar álinu í steypumót. Rafmagni er veitt í steypurennuna, og er rafmagnstafla á braut, sem keyrð er aftur í biðstöðu, þegar engin steypuvinna er í gangi. Þegar steypuvinnu var lokið, þurfti að skipta um steypurennu. Á rennu er rafmagnstengikassi, og er hann aftengdur, þegar skipta þarf um rennuna. Teinn (splitti) tengir saman rafmagnsbraut (keyrsluspor) og steypurennu. Þegar þessir tveir hlutar eru skildir að, þarf að losa teininn (splittið), sem tengir þá saman. Er rennan hífð af og önnur sett í staðinn. Síðan er rafmagnið tengt við aftur og teininum rennt alveg niður í tilgert sæti. Teinninn (splittið) hefur það eina hlutverk að tengja saman steypurennu og rafmagnsbraut.

Umrætt kvöld var stefnandi að vinna við losun á steypurennu, eftir að steypu lauk. Vakt stefnanda vinnur við undirbúning fyrir steypu og við að steypa. Verkstjóri á vakt stefnanda var Ingvar Gunnarsson. Undirmaður verkstjóra var þá Páll Högnason, og var hann flokksstjóri. Fékk stefnandi það verkefni að aftengja rennuna. Það hafði hann þó aldrei gert áður, en vél þessi var fyrst sett upp í álverinu í febrúar 1991. Páll Högnason vann með stefnanda umrætt kvöld, og var Páll að aftengja rafmagn og stóð til hliðar fyrir neðan stefnanda, þegar slysið varð.

Aftengingin á rennunni og endurtenging síðar var nauðsynleg, til að steypuvinna gæti haldið áfram. Stefnandi hafði á höndum vinnuhanska, eins og venja er á þessum vinnustað. Eina leiðin til að lyfta teininum var sú að taka undir hausinn á honum með báðum höndum, en erfitt var að ná taki og lyfta honum upp og setja endann á honum á „syllu“ á rafmagnsbraut, svo að teinninn lá skáhallt. Var rennan þá laus frá. Önnur steypurennu var sett í staðinn, og þurfti síðan að tengja hana. Þegar stefnandi hafði komið steypurennu fyrir á réttum stað, tók hann aftur undir haus teinsins og lyfti honum lítið eitt upp til að geta stýrt enda hans niður í gat, þannig, að teinninn læsti rennunni. Endinn á teininum var flatur, og reyndist mjög erfitt að koma honum rétt fyrir. Var teinn þessi mjög þungur og ómeðfærilegur, og féll illa í gatið, en skyndilega hrökk hann í það, og við

það þeyttist hann niður, og varð vísifingur vinstri handar á milli sætisins og hauss teinsins og klemmdist. Náði stefnandi ekki að afstýra slysi þessu. Var ofangreind vinnuaðferð almennt viðhöfð við rennuskripti og starfsmönnum ekki kennd önnur aðferð.

Í greinargerð stefnda er ekki gerð athugasemd við framangreinda lýsingu á umbúnaði og atvikum að slysi stefnanda, en athygli er vakin á, að stefnandi hafi haldið fullum launum, á meðan hann var fjarverandi vegna afleiðinga slyssins, og sé enn við störf hjá stefnda á sams konar launum.

Tilkynning stefnda til Vinnueftirlits ríkisins um slysið er dagsett 1. 5. 1992. Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns stefnanda, dags. 3. 7. 1996, segir, að umrætt vinnuslys hafi ekki verið tilkynnt stofnuninni, er það varð, og því ekki verið rannsakað af henni.

### 3. Þegar eftir slysið var farið með stefnanda á slysideild Borgarspítalans.

Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar læknis, dags. 25. febrúar 1995, sem skoðaði stefnanda við komuna á sjúkrahúsið, virtist endakjúka vísifingurs vinstri handar hafa orðið fyrir högginu, og var nöglin af og gómur mjög tættur. Röntgenmynd sýndi þó ekki brot. Gert var að sárum þessum með saumum og umbúðum. 10. júlí 1992 var endakjúkan stytt, svo að hold næði að „skriða“ fyrir endann. Allan tímann hafði stefnandi verið illa haldinn af verkjum í fingrinum, einkum framan af, en líðan þó viðunandi, þegar hann fór að vinna aftur 30. júlí 1992. Í janúar 1993 kvartaði stefnandi við lækni um, að fingurinn væri mjög viðkvæmur og kulsækinn. Í nóvember 1993 kom stefnandi aftur til læknis síns og kvartaði um verki í fingrinum. 23. nóvember 1993 var gerð aðgerð á fingrinum og bein þá örllítið stytt, fjarlægðir tveir taugahnútar og nögl lögud. 17. mars 1994 var að nýju gerð aðgerð, taugahnútar fjarlægðir og taugar stytta. Stefnandi kvartaði mjög undan verk í nöglinni, og var þá ákveðið að fjarlægja hana með naglrót og naglbedi og stytta enn bein. Var þetta gert 3. október 1994.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Páls Albertssonar, læknis á bæklunarlækn-ingadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, dags. 8. apríl 1996, kom stefnandi til hans 26. september 1995 og kvaðst hafa verið mjög slæmur af verkjum í öllum fingrinum allan tímann frá slysi að undanskildum nokkrum mánuðum eftir eina aðgerðina. Við skoðun var allur stúfur vinstri vísifingurs bláleitur að sjá, með gljáandi áferð og verulega aumur. Varð að ráði, að 20. október 1995 var allur stúfur vinstri vísifingurs og hluti II. handarleggjar fjarlægðir og höndin þannig mjókkud.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda 12. maí 1993 í tólf vikur 100%, í fjórar vikur 50% og varanlega 2%.

Atli Þór Ólason læknir mat örorku stefnanda 9. maí 1996, og segir í loka-  
kafla skýrslu hans:

„... Upphafsáverki var eingöngu á endakjúku, sem tættist illa, svo að af  
varð talsverður mjúkvæfjaskaði og nögl fór af. Stytta þurfti endakjúku til að  
hylja stúfendann. Síðan hófst mikil þrautarganga vegna verkja í stúfenda og  
ertingar af taugahnúðum, sem leiddi til þriggja aðgerða, þar sem taugaend-  
ar voru styttir og endakjúka fjarlægð. Enn voru mikil óþægindi í fingur-  
stúfnum, sem þvældist fremur fyrir Eiríki í vinnu, svo að ákveðið var að  
fjarlægja stúfinn allan og hluta af miðhandarlegg, og var það gert 20. 10.  
1995.

Eftir þá aðgerð hefur Eiríkur getað beitt hendinni betur en áður. Hún er  
þó enn viðkvæm, sérstaklega yfir og í kringum stúfenda handarbaksleggjar  
og í lófa. Viðkvæmir blettir þar eru taldir geta verið ertir taugaendar. Þá er  
dofi þumalfingurs megin á löngutöng í hæð við grunnkjúku og miðkjúku.  
Kraftur í vinstri hendi er verulega minnkaður, og nýtist hún ekki fullkom-  
lega til vinnu. Hann vill missa hluti úr hendinni og treystir henni ekki fylli-  
lega. ...“

Niðurstaðan var sú, að tímabundin örorka var metin 100% frá 28. 4. 1992  
til 30. 7. 1992, frá 23. 11. 1993 til 9. 12. 1993, frá 16. 3. 1994 til 11. 4. 1994, frá  
3. 10. 1994 til 12. 11. 1994 og frá 20. 10. 1995 til 5. 12. 1995 og varanleg örorka  
17%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var fenginn til að reikna út  
örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkumats Atla Þórs Ólasonar. Áætlun  
hans, dags. 27. júní 1996, er við það miðuð, að tap vegna slyssins sé á hverj-  
um tíma sami hundradshluti tekna (meðaltal umreiknaðra tekna árána  
1989, 1990 og 1991) og örorka er metin. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps  
reiknaðist á slysdegi 1.216.000 krónur vegna tímabundinnar örorku og  
6.203.900 krónur vegna varanlegrar örorku. Verðmæti tapaðra lífeyrisrétt-  
inda vegna slyssins var áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri  
örorku, 372.200 krónur. Við útreikning höfuðstólsverðmætis voru fram að  
útreikningsdegi notaðir vextir og vaxtavextir af almennum sparisjóðsbók-  
um í Landsbanka Íslands, en eftir þann dag 4,5% vextir og vaxtavextir.

Lögmaður stefnanda sneri sér til stefnda með bréfi, dags. 26. 4. 1993, og  
hafði uppi áskilnað um bótakröfu. Stefndi svaraði með því að benda á  
réttargæslustefnda sem þann aðila, er annast fyrir hann slysatryggingu laun-  
þega samkvæmt kjarasamningi og frjálsa ábyrgðartryggingu. Með bréfi lög-  
mannsins, dags. 7. 9. 1993, var óskað eftir afstöðu réttargæslustefnda til  
bótageiðslna, og var því svarað með bréfi, dags. 14. 9. 1993, á þann hátt, að  
félagið teldi ekki vera um bótaskyldu að ræða úr hinni frjálsu ábyrgðar-

tryggingu. Sundurliðuð bótakrafa, samsvarandi kröfum stefnanda í máli þessu, var sett fram á hendur stefnda og réttargæslustefnda með bréfi, dags. 17. 10. 1996. Þær breytingar hafa þó orðið í rekstri málsins, að stefnandi hefur fallið frá kröfu um bætur vegna tímabundins örorkutjóns, 1.216.000 krónur, og einnig dregið frá dómkröfu sinni greiðslu úr slysatryggingu launþega, 494.759 krónur, miðað við greiðsludag 13. 10. 1997.

#### 4. Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri að fullu ábyrgð á tjóni sínu. Vísað er til þess, að það hafi verið mat fulltrúa stefnda sjálfs þegar eftir slysið, að orsök þess sé „vinnusvæði“ og vanbúnaður vélarinnar/tækisins. Stefnandi hafi farið eðlilega að við vinnu sína og eftir fyrirmælum yfirmanna sinna. Ekki verði við það miðað, að hann hafi verið vel kunnugur aðstæðum á vinnustað, þar sem um nýja vél hafi verið að ræða og hann að skipta um rennu í fyrsta sinn. Orsakir slyssins sé að rekja til vanbúnaðar á vinnustað, hættulegs vinnutækis, algerlega ófullnægjandi vinnuaðstöðu og skorts á fullnægjandi leiðbeiningum til starfsmanna af hálfu stefnanda, verkstjóra/deildarstjóra og annarra starfsmanna hans, en stefnandi hafi hlýtt verkaskiptingu yfirmanna sinna. Leiðbeiningarskylda hafi verið rík, þar sem stefnandi var að vinna við umrætt tæki í fyrsta sinn, en nauðsynlegt var, að verkið væri unnið, til að starfsemin gæti haldið áfram. Yfirmenn stefnda, sem hann beri ábyrgð á, hafi vitað eða mátt vita, að vinnuaðstaða var algerlega óforsvaranleg og hættuleg, og hefðu átt að vara hann við. Bent er á, að vinnusvæðið, þar sem slysið varð, þ. e. steypuskáli, sé einn hættulegasti hluti álversins samkvæmt slysskýrslum. Þá reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi brotið gegn lögum með því að kalla ekki til Vinnueftirlit ríkisins og lögreglu eftir slysið. Af því leiði, að stefndi hafi sönnunarbyrði um, að orsakir slyssins séu stefnanda að kenna, eins og þeir hafi borið fyrir sig.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabóta réttar; almennu skaðabóta-reglunnar og húsbóndaábyrgðarreglunnar (reglunnar um vinnuveitenda-ábyrgð) svo og til 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um miska-bótakröfu. Þá er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða tengdra þeim og reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 ásamt síðari breytingum.

#### 5. Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að slysið hafi ekki orðið af neinum þeim ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á að lögum, heldur af óhappatilviljun eða vangá stefnanda.

Slysið hafi orðið við einfalt verk og búnað, sem ekki hafi krafist neinnar

sérstakrar leiðbeiningar. Þegar stefnandi hafi verið að koma teininum fyrir á mótum steypurennu og rafmagnsbrautar, virðist hann hafa sett vinstri hönd í sætið, sem teinhausinn átti að setjast í. Vönun starfsmanni á ekki að þurfa að segja, að þannig megi ekki vinna þetta einfalda verk. Stefnandi var fullgildur starfsmaður og bar sömu ábyrgð og samstarfsmenn hans. Yfir starfsmönnum var vaktstjóri, en hvorugur þeirra tveggja, sem unnu að verkinu, var verkstjóri yfir hinum.

Breytingar þær, sem orðið hafi á verklagi við þennan verkþátt, kunní að hafa verið gerðar í tengslum við þetta slys. Endurbótin þýði þó ekki, að fyrri gerð hafi verið ólögmat. Ekki virtist í upphafi sérstök ástæða til að kveðja fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu á staðinn. Þegar tilkynning barst vinnueftirlitinu tveimur dögum eftir atvikið, var því í lófa lagið að gera á því sérstaka könnun, og höfðu aðstæður þá að engu breyst. Skortur tilkynningar breyti engu um skaðabótaskyldu eða sönnunarstöðu þegar af þeirri ástæðu, að atvik slyssins séu í sjálfu sér ljós og unnt að gera sér grein fyrir, hvað muni hafa gerst.

Yrði talið, að stefndi bæri ábyrgð á slysi stefnanda, er þó ljóst, að meginábyrgðin falli á hann sjálfan vegna eigin sakar hans.

Varakrafan er einnig rökstudd með því, að örorkutjónsútreikningur sé ekki nothæf viðmiðun um hugsanlegt fjárhagslegt tjón stefnanda, enda verði að miða við, að hann hafi ekki orðið fyrir neinu tekjutapi vegna slyssins. Norrænar rannsóknir hafi einnig sýnt, að ólíklegt sé, að fjártjón tjónþola, sem hljóti minna en 30% örorku, verði varanlegt. Þá sé almennt viðurkennt, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna að hluta, og sé miska-bótakrafa stefnanda mjög fjarri lagi, þegar litið sé til nýrra dómafordæma. Að lokum þurfi að taka tillit til þess, yrðu bótakröfur viðurkenndar, hvert hagræði sé fólgð í eingreiðslu bóta, sem sýnist ekki rétt að meta minna virði en 10%, svo og þess, að bótagreiðslur séu skattfrjálssar, en í því skattfrelsi eigi ekki að felast fjárhagslegur ávinningur fyrir bótaþega.

Á það er að lokum bent af hálfu stefnda, að vaxtakröfur stefnanda í aðalkröfu og varakröfu séu ekki í samræmi við ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987. Samkvæmt dómvenju beri skaðabótakrafa sömu vexti og notaðir séu í fjártjónsútreikningi a. m. k. fram til þess dags, sem 15. gr. vaxtalaga geti átt við. Í málinu sé öðru fremur deilt um bótaskyldu, og er þess því krafist, að dráttarvextir verði ekki lagðir á fyrir en frá dómsuppsögudegi, en að öðrum kosti ekki fyrir en frá þingfestingardegi.

6. Gengið var frá slysskýrslu innan fyrirtækis stefnda, þ. e. til öryggisfulltrúa, 30. 4. 1992, og er hún undirrituð af meistara, Birgi Jónssyni, og deildarstjóra, Gunnari Erni Gunnarssyni. Þar er atvikum lýst svo: „Eiríkur

var að tengja saman rennu og keyrsluspor með splitti. Splittið var stíft í, og þurfti hann að jugga því með handafli. Datt þá splittið niður, og varð vísi-fingur vinstri handar á milli.“ Í reit, þar sem spurt er: „Ef slysið varð vegna slæmra vinnuaðstæðna, hverjar voru orsakirnar?“ – var þetta svar gefið: „Ekki er handfang á splitti, sem tengir saman rennu og keyrsluspor.“

Í tilkynningu stefnda um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 1. 5. 1992 og undirritaðri af öryggistrúnaðarmanni, „B. J.“, kemur fram, að orsaka-valdur slyssins sé „vinnusvæði“.

Við aðalmeðferð var lagður fram uppdráttur framleiðanda umrædds teins af honum. Um er að ræða sívalan tein, holan að innan; er meginhluti hans, sem tengir saman rafmagnsbraut og steypurennu, 96 cm langur og 6 cm að þvermáli, og gengur neðri endinn lóðrétt niður í þröngt gat á steypurennunni. Þar ofan á er 4 cm þykk og 15 cm breið kringlótt plata, „flans“ eða haus, sem einnig er nefnt stoppari, því að við samtengingu rafmagnsbrautar og steypurennu fellur hann á hina fyrrnefndu, og varð fingur stefnanda þar á milli umrætt sinn. Á uppdrætti framleiðanda er sýnt framhald teinsins fyrir ofan hausinn, 10 cm langur bútur 6 cm að þvermáli, en svo er hins vegar ekki á uppdrætti á framangreindri slysskýrslu. Á báðum uppdráttum er neðri endi teinsins sýndur þversniðinn eða flatur.

Samkvæmt vitnaskýrslu Sigurðar Þ. Ásgeirssonar, steypuskálastjóra stefnda, voru fljótlega eftir slysið gerðar þessar breytingar: Teinninn var gerður oddlaga að neðan, svo að hann hitti betur í gatið, sem hann á að fara í. Borað var lítið gat neðarlega á teininn til að koma splitti í til hægðarauka við rennuskipti. Efst á teininn var sett hringlaga plata, sem lokar handfangshlutanum og myndar „stopp“ þar, og þar ofan á járnbogi með auga í, sem hægt er að grípa í. Sigurður Þ. Ásgeirsson staðfesti, að þurft hefði að halda um teininn að ofan til að stýra neðri enda hans í gatið, og hafi orðið að hitta nákvæmlega, vegna þess að endinn var flatur. Hann kvað hafa verið unnt að halda um hinn 10 cm langa búta fyrir ofan hausinn, en þó þannig, að annarri hendi væri haldið utan um hina.

Vitnið Ingvar Gunnarsson var næsti yfirmaður stefnanda á vinnustað, þegar slysið varð. Hann kvað hafa verið algengt við rennuskipti, að tveir menn væru við að taka teininn upp, en einn maður við að stýra honum niður. Hann kvað einhvern hnúð hafa verið upp úr hausnum á teininum. Vegna þess að teinninn hafi verið flatur að neðan, hafi þurft að hitta mjög vel í gatið, sem endi hans átti að falla í.

Við vettvangsathugun dómara og lögmanna 8. þ. m. sást, að bandi var brugðið í augað, sem er nú efst á teininum, og að krani er þannig staðsettur, að nota má hann til að lyfta teininum. Teinninn var veginn og reyndist

vera 19 kílógr. Af hálfu stefnda er viðurkennt, að breytingar, sem gerðar voru á teininum, hafi staðið í tengslum við slysið, sem stefnandi varð fyrir.

Fyrir dóminum lýsti stefnandi atvikum og aðstæðum nokkru nánar en áður er fram komið. Kvaðst hann hafa þurft að fara upp á rafmagnskassa og staðið hokinn yfir teininum. Hann hafi tekið undir haus teinsins til að stýra honum niður, en skyndilega hafi teinninn hrokkið í gatið, og hafi hann ekki verið búinn að losa vísifingur vinstri handar undan hausnum, þegar hann lenti niður á stallinn. Hann kvaðst hafa fylgt á eftir og misst jafnvægi vegna lélegrar aðstöðu, slitið sig lausan, þannig, að hanski varð eftir, og lent niðri á gólfi.

Hann kvaðst ekki muna eftir 10 cm bút teinsins fyrir ofan haus hans, „nema þá eitthvað pínulítið“, og hefði hann ekki getað haldið þar um. Hann kvað menn nota núna krana til að lyfta teininum af hræðslu við hann.

Lögð var fram svofelld yfirlýsing, dags. 30. apríl 1997, undirrituð af Erni Sveinbjörnssyni og Sigurði Kristinssyni:

„Við undirritaðir staðfestum hér með, að við störfuðum báðir í steypuskála í álverinu í Straumsvík hjá Íslenska álfélaginu hf. allt árið 1992, og staðfestum einnig, að það var almenn verklagsregla, þegar skipt var um rennu, eins og í því tilviki, þegar Eiríkur Páll Einarsson slasaðist 28. 4. 1992, að taka undir hausinn á teini (splitti) þeim, sem tengir saman rafmagnsbraut og steypurennu, og að ekkert sérstakt handfang hafi verið á teininum og erfitt að ná taki á honum til að lyfta honum upp og setja hann aftur á sama stað. Þá staðfestum við, að teinninn var mjög þungur, og þegar hann var settur í aftur, hafi það verið erfitt, þar sem teinninn hafi verið flatur í endann og fallið illa í gat það, sem hann átti að fara í.“ Þeir Sigurður Kristinsson og Örn Sveinbjörnsson staðfestu framanritaða yfirlýsingu með vitnaskýrslum sínum. Bar Sigurður, að þurft hefði að fara upp á rafmagnskassa, og hafi oft verið töluvert örðugt að láta teinninn falla í gatið, en þá hafi hann getað rokið allt í einu niður. Örn bar, að ekki hefði verið hægt að halda um þann hnúð eða bút, sem var ofan á hausi teinsins.

Vitnið Emil Emilsson var vinnufélagi stefnanda og á sömu vakt. Hann lýsti aðstæðum við umrætt verk þannig, að þurft hefði að „tildrast“ upp á rafmagnskassann og bogra við að stýra teininum niður. Ekkert handfang hafi verið á honum, en smáhnúður, sem ekki hafi verið hald í, svo að halda varð undir hausinn. Þurft hafi að bogra við verkið og taka á við að jugga teininum til, svo að hann hitti í gatið.

Vitnið Páll Högnason var að vinna með stefnanda umrætt sinn. Hann kvaðst hafa staðið á gólfinu fyrir neðan stefnanda, þegar slysið varð, en þó ekki orðið sjónarvottur að því. Um það spurður kvaðst hann ekki muna,

hvort 10 cm langur bútur af teininum hefði staðið upp úr haus hans. Hann lýsti svo vinnubrögðum við að stýra teininum niður, að haldið hafi verið undir hausinn á teininum og hann látinn falla, þegar hann hitti á gatið. Við þetta hafi þurft að standa uppi á rafmagnskassa, bogra yfir þessu og gæta jafnframt að því að halda jafnvægi.

Verk það, sem hér um ræðir, er einfalt, og höfðu ekki verið settar fram athugasemdir við búnaðinn, sem er einfaldur að gerð, af hálfu Vinnueftirlits ríkisins eða starfsmanna, a. m. k. ekki formlega. Á hitt ber einnig að líta, að fram er komið, að á þeim fimmtán mánuðum, sem liðnir voru frá uppsetningu hans, hafði hann aðeins verið notaður u. þ. b. viku- eða hálfmánaðarlega, og hafði stefnandi ekki áður komið að því verki. Ekki er leitt í ljós, að stefnandi hafi farið langt að eða öðruvísi en til varð ætlast. Gáleysi hans verður því ekki kennt um slysið.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er niðurstaða dómsins sú, að slysið verði rakið til óforsvaranlegrar vinnuáðstöðu og vanbúnaðar vinnutækis, sem varð af þeim sökum hættulegt í meðförum. Ber stefndi því óskerta skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

|  |             |                  |
|--|-------------|------------------|
| 1. Tjón vegna varanlegrar örorku       | kr.         | 6.203.900        |
| 2. Tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda | –           | 372.200          |
| 3. Miskabætur                          | –           | 2.000.000        |
|  | Samtals kr. | <u>8.576.100</u> |

Til frádráttar framangreindri fjárhæð á samkvæmt kröfugerð stefnanda að koma greiðsla réttargæslustefnda 13. október 1997 á 494.759 krónum úr slysatryggingu launþega. Upplýst var við endurupptöku málsins, að af þeirri fjárhæð nema bætur 480.206 krónum og vextir 14.553 krónum.

Liðir nr. 1 og 2 eru reistir á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 27. júní 1996.

Bætur fyrir tekjutap þykja að teknu tilliti til skattfrelsis bóta og hagræðis stefnanda af eingreiðslu þeirra hæfilega ákveðnar 4.150.000 krónur. Krafa um bætur vegna missis lífeyrisréttinda er að fullu tekin til greina með 372.200 krónum. Frá samtölu þessara fjárhæða, 4.522.200 krónum, ber að draga bætur úr slysatryggingu launþega, 480.206 krónur, og ber stefnda því að greiða stefnanda 4.041.994 krónur í bætur fyrir fjártjón. Af slysinu hefur leitt lýti, einnig langvarandi þjáningar og síðan ertingu og óþægindi samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins. Miskabætur til handa stefnanda þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda

4.441.994 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem er ákveðinn 550.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Íslenska álfélagið hf., greiði stefnanda, Eiríki Páli Einarsyni, 4.441.994 krónur með ársvöxtum af þeirri fjárhæð sem hér segir: 1,25% frá 28. apríl 1992 til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, 0,5% frá þeim degi til 1. júní 1995 og 0,65% frá þeim degi til 27. júní 1996, en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til þingfestingardags málsins 3. júní 1997. Frá þeim degi greiði stefndi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 550.000 krónur í málskostnað.

---